



Dalabyggð

JAFNRÉTTISSTEFNA DALABYGGÐAR

Stefna gegn mismunun

2020-2022



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1. Gerð jafnréttisstefnu Dalabyggðar	2
2. Grundvöllur	3
3. Hlutverk og markmið	3
4. Framtíðarsýn.....	3
5. Gildi.....	3
6. Jafnrétti.....	4
7. Framkvæmd og ábyrgð.....	4
8. Árangursmæling	4
9. Verkefni.....	5



1. Gerð jafnréttisstefnu Dalabyggðar

Vinna við gerð jafnréttisstefnu Dalabyggðar hófst í mars 2020 en fyrir var til jafnréttisáætlun sveitarfélagsins og framkvæmdaáætlun sem gildir til 2022. Það er félagsmálanefnd Dalabyggðar sem vinnur stefnuna með aðstoð frá starfsmönnum skrifstofu sveitarfélagsins.

Félagsmálanefnd samþykkti stefnuna á fundi sínum 25.mars 2020 og ákvað að senda stefnuna til sveitarstjórnar til samþykkis, stefnan var samþykkt í sveitarstjórn 2.apríl 2020.

Í stefnunni er áhersla lögð á að um sé að ræða stefnu gegn mismunun sem tekur ekki eingöngu til jafnréttis kynjanna heldur einnig til jafnréttisstarfs í þágu annarra hópa eins og aldraðra, fatlaðs fólks, samkynhneigðra og innflytjenda. Jafnréttishugtakið er því áfram víkkað út hér til að tryggja að þessum minnihlutahópum sé ekki mismunað á grundvelli sérstöðu sinnar.

Við nánari útfærslu á stefnunni er mikilvægt að hafa í huga aðferðafræði samþættingar. Samþætting gerir ráð fyrir að kynferði verði grundvallarforsenda þegar verið er að móta nýja stefnu eða taka ákvarðanir á opinberum vettvangi.

Við vinnslu stefnunnar var byggt á ýmsum heimildum en þó einkum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008, lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna og lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og annarri stefnumótunarvinnu innan Dalabyggðar.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er ábyrgðaraðili jafnréttisstefnunnar og skal hún endurskoðuð í hið minnsta á tveggja ára fresti.



2. Grundvöllur

Jafnræðisregla stjórnarskráinnar kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, æternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Sérstaklega er kveðið á um jafnan rétt kvenna og karla sé gætt í hvívetna. Jafnræðisregla stjórnarskráinnar er grundvöllur jafnréttisstefnu sveitarfélagsins Dalabyggðar.

3. Hlutverk og markmið

Jafnréttisstefnan er opinber stefna í jafnréttismálum og er ætlað að vinna gegn allri mismunun. Henni er ætlað að taka til ólíkra hlutverka sveitarfélagsins, þ.e. í fyrsta lagi sem stjórnvalds, í öðru lagi sem atvinnurekanda og í þriðja lagi sem veitanda þjónustu. Þetta á m.a. við um rétt til starfa, aðstöðu, menntunar og kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Meginmarkmið jafnréttistefnunnar er að koma í veg fyrir hvers kyns mismunun.

4. Framtíðarsýn

Dalabyggð leggur áherslu á að samfélagið sé jafnréttissinnað og íbúum og starfsfólki sveitarfélagsins sé ekki mismunað á grundvelli sérstöðu sinnar; þ.e. vegna uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, æternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Dalabyggð er einnig lýðræðislegt og fjölskylduvænt samfélag sem tryggir öllum einstaklingum jöfn tækifæri og möguleika til áhrifa og þar sem þarfir ólíkra hópa eru viðurkenndar. Dalabyggð leggur áherslu á að allir séu virkir samfélagsþegnar og framlag hvers og eins sé metið að verðleikum. Samfélag sem er samstilt um jafnréttismál gerir þátttöku íbúa aðgengilegri og meðferð mála sanngjarnari og réttlátari. Dalabyggð vill efla frumkvæði, nýsköpun, þekkingaröflun, ráðgjöf, fræðslu og sjálfsprottið starf sem hefur jafnrétti að leiðarljósi og fagnar öllum framlögum til þess í samfélagini.

5. Gildi

Ef árangur á að nást er mikilvægt að starfsmenn Dalabyggðar og íbúar hafi gildi sveitarfélagsins að leiðarljósi í starfi og samskiptum, þau eru: Jákvæðni, virðing og framsækni. Dalabyggð leggur áherslu á að jafnréttismál séu unnin með jákvæðni að leiðarljósi, að virðing sé borin fyrir einstaklingnum og réttur hans til að tjá sig eða stjá sig ekki um sérstöðu sína sé að sama skapi virtur og að sveitarfélagið sé framsækið í eftirfylgni og úrvinnslu jafnréttismála.



6. Jafnrétti

Óheimilt er að mismuna fólk vegna kynferðis eða annarra þátta s.s. vegna uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, æternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð því. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða eða kynjasamþætting er aðferð sem beitt er við innleiðingu jafnréttissjónarmiða inn í almenna starfsemi stofnunar eða fyrirtækis og hefur verið höfð til hliðsjónar við gerð jafnréttisstefnu Dalabyggðar. Kynjasamþætting er aðferð sem notuð er til að ná fram jafnrétti í daglegu starfi sem snertir starfsemina sjálfa, viðskiptavini, skjólstæðinga, umbjóðendur eða annað fólk.

7. Framkvæmd og ábyrgð

Stjórnendur, starfsmenn og forsvarsmenn stofnana Dalabyggðar bera ábyrgð á að tryggja að jafnrétti allra séu virt innan stjórnskefis, á vinnustöðum og í þjónustu. Slíkt verður gert kleift með stuðningi sveitarfélagsins og fræðslu á sviði jafnréttismála.

Stjórnendur og forsvarsmenn bera ábyrgð á því að kynna stefnuna og vinna samkvæmt henni ásamt því að tilgreina jafnréttisfulltrúa á vinnustaðnum sem tilkynntur er til skrifstofu sveitarfélagsins.

Jafnréttisfulltrúa ber að vinna eftir jafnréttisstefnu og áætlun sveitarfélagsins þar sem við á og vera í samskiptum við félagsmálanefnd sveitarfélagsins eftir þörfum.

Stjórnendum skólastarfs ber að gæta að því að jafnréttisfræðsla sé hluti af skólastarfi og námsefni mismuni ekki nemendum né komi niður á því fjölbreytta samfélagi sem við búum í.

Íþróttar- og tómstundafulltrúa ber að skipuleggja félags- og tómstundastarf með jafnrétti að leiðarljósi.

Stjórnendum þjónustustofnana ber að gæta fyllsta jafnréttis í þjónustu og starfsemi sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að stefnunni sé fylgt eftir og kalla eftir upplýsingum eins og þörf krefur ásamt því að kynna stefnuna og stuðla að þekkingaröflun og miðlun upplýsinga.

8. Árangursmæling

Til að hægt sé að mæla árangurinn af jafnréttisstefnunni þarf að hlusta eftir viðhorfum stjórnenda, starfsmanna og notenda þjónustu Dalabyggðar. Lagt er til að félagsmálanefnd fundi einu sinni á ári með helstu starfsmönnum og forsvarsmönnum stofnana sveitarfélagsins þar sem leitað er á líts þessara hópa á



Dalabyggð

virkni og framkvæmd stefnu og áætlana sveitarfélagsins í jafnréttismálum. Á þeim fundi eru upplýsingar teknar saman og stefna ásamt áætlun uppfærðar ef þurfa þykir. Dalabyggð einsetur sér að miðla skipulega innan sveitarfélagsins þeirri þekkingu sem það aflar sér og nýta hana til að bæta þjónustu, vinna gegn fordóum, efla jafnrétti á vinnustöðum og fræða íbúa.

9. Verkefni

Önnur verkefni utan þau sem talin eru upp í stefnu þessari, eru nánar útlistuð í jafnréttisáætlun sveitarfélagsins, hana má nálgast í heild á heimasíðu Dalabyggðar (www.dalir.is).

VERKEFNI	ÁBYRGÐ	TÍMASETNING
Kynjaskipting í nefndum könnuð	Sveitarstjóri	Í upphafi og á miðju kjörtímabili
Ákvarðanir um laun	Sveitarstjóri	Viðvarandi verkefni
Auglýsingar um störf	Forstöðumenn	Viðvarandi verkefni
Starfsþróunaráætlun	Forstöðumenn	Skil einu sinni á ári
Samræming á starfssyldum og fjölskyldu	Forstöðumenn	Viðvarandi verkefni
Samskiptasáttmáli	Forstöðumenn	Á hverju ári
Skil á framkvæmdaáætlun	Forstöðumenn	Á tveggja ára fresti
Fræðsla og ráðgjöf	Forstöðumenn	Á hverju ári
Kynjasamþætting	Forstöðumenn	Viðvarandi verkefni

Dalabyggð, 15. apríl 2020


Kristján Sturluson, sveitarstjóri

